

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1248/2014, um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi EES-gerðir:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 12. júní 2014, bls. 176.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/780/ESB frá 5. desember 2012 um aðgangsrétt að miðlægu evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli og svör við þeim sem komið var á fót með 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 12. júní 2014, bls. 192.

#### 2. gr.

*Gildistaka og lagastöð.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr. laga nr. 18/2013, um rannsókn samgönguslysa, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Innanrikisráðuneytinu, 9. desember 2015.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

*Björn Freyr Björnsson.*